

1140. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Ólafía Björk setti fund kl. 17:30 og óskaði eftir því að fá samþykktar breytingar á áður auglýstri dagskrá. Ferli við val nýrra stjórnarmanna í LIVE yrði tekið undir öðrum lið en nýr liður nr. 3 væri afgreiðsla á starfsreglum Jafnréttisnefndar VR. Síðan yrði undir lið nr. 6 kynnt Klukk tímaskráningarapp og kynningarkostnaður í stað umfjöllunar um uppstillinganefnd.

Bar hún þá næst þessa tillögu um breytingu á dagsrá upp til atkvæða.
Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð 1139. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1139. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk sagði að staða kjaraviðræðna hefði ekki breyst frá því sem kom fram í máli hennar á fundi trúnaðarráðs s.l. mánudagskvöld. SA hafa óskað eftir fundi með forsætis- og fjármálaráðherra til þess að fá formlega staðfestingu þess að tryggingagjald verði lækkað í þrepum um 2,5% eins og lofað hefur verið munnlega.

Þá sagði hún frá því að nýlega hafi borist niðurstaða könnunar um STARF verkefnið þar sem m.a. hafi komið í ljós að almennt sé meiri ánægja með þjónustu STARF heldur en Vinnumálastofnunar. Þetta er jákvætt fyrir okkur og við viljum gjarnan fá STARF verkefnið aftur til okkar.
Hún mun setja þessa könnun inná stjórnarvefinn til upplýsingar.

Þá ræddi hún stofnun væntanlegs Þjóðhagsráðs og hlutverk þess. Las hún m.a. uppúr bréfi forsætisráðuneytis dags. 06.01 2016 til ASÍ þar sem málið er reifað. Lagði hún áherslu á að með þessu sé ekki verið að binda okkur inni í fyrirkomulagi sem við höfum ekki fyrst skoðað vandlega og samþykkt. Aðalatriðið er að auka kaupmátt félagsmanna en mjög villandi fjölmiðlaumræða hefur verið um þetta mál í dag. Reiknað er með að forseti ASÍ verði í ráðinu og Ólafía Björk verður hans varamaður.

Umræður.

Undir þessum dagskrárlið afhenti Ólafía Björk nú Birgi Má afmælisgjöf frá félaginu í tilefni 50 ára afmælis hans nú nýverið.

Var þá næst sunginn afmælissöngurinn og hrópað ferfalt húrra!

Næst ræddi Ólafía Björk um gerð ályktunar frá stjórn VR vegna tilnefningar stjórnarmanna í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE). Hún hefur rætt það við marga aðila að hún telji að stjórnarmenn ættu ekki að sitja á sama tíma í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Ekki hafi allir verið á sama máli og hún og hætt er við að SA muni skipa í stjórnina með sama hætti og áður. Leggur hún því til að stjórnin sendi frá sér ályktun um málið svo okkar áherslur komi skýrt fram og einnig að það sjáist að það séu fleiri en bara VR sem beri ábyrgð á skipan í stjórn LIVE. Las hún þá næst upp drög að ályktun á skjá.

Umræður.

Dóra kom hér til fundar kl. 18:05

Að loknum umræðum og breytingu samkvæmt tillögu Ragnars Þórs var eftirfarandi tillaga um ályktun borin upp til atkvæða:

Ályktun frá stjórn VR

- Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sitji ekki í stjórnnum fyrirtækja

Tilnefningar stjórnarmanna í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kjörtímabilið 2016 – 2019 þurfa að liggja fyrir þann 1. febrúar næstkomandi. VR tilnefnir fjóra aðalmenn og fjóra til vara.

Á aðalfundi VR árið 2014 voru samþykktar reglur um tilnefningu fulltrúa VR í stjórn sjóðsins. Markmið reglnanna er að auka lýðræði við valið. Samkvæmt reglunum tilnefnir stjórn VR tvo aðalmenn en trúnaðarráð félagsins tilnefnir tvo aðalmenn og fjóra varamenn. Auglýst var eftir umsóknum áhugasamra seint á síðasta ári og stendur nú yfir vinna við að greina þær umsóknir.

Atvinnurekendur tilnefna jafnmarga stjórnarmenn samkvæmt eftirfarandi: Félag atvinnurekenda tilnefnir einn, Kaupmannasamtök Íslands tilnefna einn, Samtök iðnaðarins tilnefna einn að fengnu álit Samtaka atvinnulífsins og Samtök atvinnulífsins tilnefna einn að fengnu álit Viðskiptaráðs Íslands. Jafnmargir varamenn eru svo tilnefndir af atvinnurekendum á sama hátt.

VR mun tilkynna um fulltrúa sína eigi síðar en 1. febrúar, eins og reglur gera ráð fyrir.

Trúverðugleiki og traust í húfi

Okkur ber að standa vörð um Lífeyrissjóð verzlunarmanna, trúverðugleika hans og traust. Til að það sé hægt verður að tryggja að þeir sem skipa stjórn sjóðsins gæti fyrst og fremst hagsmuna sjóðsins sjálfs og sjóðfélaga. Það er að mati stjórnar VR óásættanlegt að stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verzlunarmanna sitji í stjórnnum eða eigi hlut í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í.

Stjórn VR lýsir því yfir að þeir fulltrúar sem félagið tilnefnir í stjórn sjóðsins eigi ekki sæti í stjórnnum fyrirtækja eða félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Stjórn VR gerir þá kröfu til samtaka avinnurekenda sem tilnefna fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins að þau hagi tilnefningum sínum með sama hætti. Trúverðugleiki Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er í húfi.

*Stjórn VR
13. janúar 2016*

Samþykkt samhjóða.

3. Starfsreglur jafnréttisnefndar VR

Helga fór nú yfir þau drög að starfsreglum og hlutverki jafnréttisnefndar sem áður voru kynnt á síðasta stjórnarfund. Engar frekari athugasemdir höfðu borist milli funda og bar hún þá næst eftirfarandi tillögu að starfsreglum upp til samþykktar:

Starfsreglur og hlutverk jafnréttisnefndar VR

1. gr.

Jafnréttisnefnd VR er stofnuð af stjórn VR í september 2015 með það að meginmarkmiði að fjalla um jafnrétti og mannréttindi launamanna á vinnumarkaði. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á þessum vettvangi til að styrkja stöðu félagsmanna sinna, án allrar aðgreiningar.

2. gr.

Nefndin skal setja niður markmið félagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum til tveggja ára í senn sem og aðgerðaáætlun og leggja fyrir stjórn VR til samþykktar.

3.gr.

Hjá félaginu skal stefnt að því að liggi fyrir þekking og kunnátta á jafnréttis- og mannréttindamálum og skal afla upplýsinga, ef þörf krefur, svo félagið geti beitt sér markvisst á þessum vettvangi.

4.gr.

Jafnréttisnefnd skal funda að jafnaði mánaðarlega en eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

5. gr.

Stjórn VR skipar jafnréttisnefnd til eins árs í senn, eigi síðar en á öðrum stjórnarfundum eftir aðalfund.

Samþykkt samþljóða.

4. Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Rannveig kynnti nú breytingartillögu við 17. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR samkvæmt samþykkt framkvæmdastjórnar sjóðsins þann 03.11 2015 í framhaldi af athugasemd sem félaginu barst í bréfi frá ASÍ dags. 01.10 2015 og fjallar um viðurlög við bótasvikum. Lagt er til við stjórn VR að lögð verði fram breytingartillaga á næsta aðalfundi sem er svo hljóðandi:

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Núverandi hljóðan:

... Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir....

Verði (breyting **rautt letur):**

... Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot **sex** mánuðir....

Greinin þá í heild eftir breytingu:

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta.

Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Að þessu loknu var tillagan borin upp um að leggja þessa breytingartillögu fyrir næsta aðalfund.

Samþykkt samhljóða.

5. Öldungaráð VR – hlutverk

Rannveig sagði frá vinnu undirbúningsnefndar að stofnun Öldungaráðs VR og kom fram í máli hennar að þau væru öll mjög spennt fyrir þessu verkefni. Vonast þau til að hægt verði að ganga formlega frá stofnun ráðsins á næsta aðalfundi. Þau hafa nú stillt upp eftirfarandi drögum að hlutverki ráðsins og kynnti Rannveig þau á skjá.

Hlutverk Öldungaráðs VR

1. gr.

Öldungaráð VR er stofnað af stjórn VR í janúar 2016 sem umræðu- og samráðsvettvangur eldri félagsmanna VR.

2. gr.

Öldungaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni tengd hagsmunum eldri borgara svo stjórn félagsins geti mótað sér stefnu og áætlanir því tengt.

3. gr.

Öldungaráð VR fundar a.m.k. annan hvern mánuð. Forystusveit ráðsins sér svo um að koma áfram hugmyndum, sem upp koma í spjalli þeirra, áfram til stjórnar félagsins til skoðunar.

4. gr.

Forystusveit Öldungaráðs VR er skipuð af stjórn VR til tveggja ára á fyrsta stjórnarfundum, annað hvert ár, eftir aðalfund og skal skipuð 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem svo skipta sjálfir með sér verkum ef þurfa þykir.

Samþykkt xx.01 2016.

Umræður.

Ragnar Þór yfirgaf fundinn hér kl. 18:30

Að loknum umræðum þakkaði Ólafía Björk Rannveigu fyrir góða vinnu við þetta málefni. Þetta liggur nú milli funda til skoðunar og kemur svo til samþykktar á næsta fundi.

6. Klukk tímaskráningar app

Ólafía Björk fór nú yfir í stuttu máli upplýsingar um Klukk tímaskráningarapp fyrir launafólk en það er ASÍ sem stendur að gerð þess og útgáfu. ASÍ stendur straum af kostnaði sem er kr. 3 milljónir + VSK og að auki mun ASÍ bera tæplega helmingshlut af kynningarkostnaði á móti félögunum innan ASÍ en sá kostnaður er kr. 3 milljónir + VSK sem skipt verður skv. hlutfallsskiptingu líkt og gert var í áttakinu „Við hækum ekki!“. Sá kostnaður sem fellur í hlut LÍV, en þar erum við í VR rúmlega 90% eru kr. 1.101.211 + VSK og þar sem ekki var gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun okkar í desember er eðlilegt að bera þetta upp nú til samþykkis enda viljum við taka þátt í þessari vinnu.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp þá tillögu að við tökum þátt í þessum kynningarkostnaði eins og hér er lýst að ofan.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 19:50
Árni Leósson, fundarritari